



## Ársskýrsla 2013 – 2014

**Stjórnandi**    **Martin Markvoll**

### **Litla Lúðró**

Blokkflauta	Helena María Ægisdóttir Jóhanna María Ægisdóttir
Altsaxófónn	Alexía Ómarsdóttir (blokkflauta fram að áramótum)
Kornett	Oliwia Aleksandra Lukasik Sara Jónína Jónsdóttir (byrjaði eftir áramót) Silja Rós Ingadóttir (byrjaði eftir áramót)
Trompet	Gestur Alexander Baldursson Hallfreður Lárus Helgason (byrjaði eftir áramót)
Hljómborð	Þorvaldur Máni Ómarsson (byrjaði eftir áramót)
Píanó	Amelía Dís Einarsdóttir
Gítar	Magnús Máni Egilsson Símon Andri Sævarsson
Rafbassi	Ingimar Þrastarson
Slagverk	Gunnar Jökull Sigurðarson (byrjaði eftir áramót) Jónas Már Kjartansson Sævar Þór Sigbjörnsson
Klukkuspil	Vaka Þorsteinsdóttir

### **Þeir sem hætta í Litlu Lúðró sumarið 2013:**

Allir sem voru í Litlu Lúðró 2012-13 fengu að fara yfir í Stóru Lúðró haustið 2013, en Védís Ýr Bergþórsdóttir (klarineti) hætti í tónlistarnámi og Dána Dóra Baldursdóttir flutti til Borgarness.

Halldóra Margrét Pálsdóttir og Ásgerður E. Einarsdóttir Strand fengu boð um að koma líka í Stóru Lúðró en ákváðu að sleppa því.

## **Stóra Lúðró (haustönn)**

Þverflauta	Eydís Bára Ómarsdóttir Silja Rós Ingadóttir (færði sig svo yfir í kornett-nám og Litlu Lúðró eftir áramót)
Klarinett	Margrét Lilja Einarsdóttir Sigrún Birta Sturludóttir
Altsax	Sigurður Guðmundsson
Tenorsax	Anette Markvoll, kennari
Kornett	Dagný Inga Magnúsdóttir
Trompet	Valdimar Hannes Lárusson
Horn	Sara Rós H. Róbertsdóttir Valdimar Ólafsson (hætti eftir áramót)
Básúna	Rúna Birna Jóhannesdóttir Salvör Mist Sigurðardóttir
Barítónhorn	Ingimar Þrastarson
Túba	-
Píanó	Vaka Þorsteinsdóttir
Gítar	Ísak Örn Baldursson
Rafbassi	-
Slagverk	Haraldur Björgvin Helgason Jóel Bjarki Sigurðarson Oliver Darri Þrastarson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Klukkuspil	Birta Sigþórsdóttir

### **Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2013:**

María Rún Halldórsdóttir, þverflauta

Hinrik Þór Þórisson, trommur – Fór í skóla til Reykjavíkur. Hann spilaði samt með okkur við ýmis tækifæri.

Eyþór Óskarsson, trommur – Spilaði þó með trommusveitinni fram að áramótum 2013-2014.

## Víkingasveitin (haust/vor)

Nemendur sem voru í Víkingasveit voru ekki með Stóru Lúðró fyrr en eftir áramót.

Altflauta	Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir
Þverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Thelma Ólafsdóttir
Bassaklarinett	Anette Markvoll, kennari (líka altsaxofónn)
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir (eftir áramót)
Tenorsax	Anna Soffía Lárusdóttir
Kornett	Rebekka Rán Karlsdóttir*
Trompet	Halldóra Kristín Lárusdóttir * Haukur Páll Kristinsson
Horn	Elín Sóley Reynisdóttir (hætti um áramót)*
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir (hætti um áramót)*
Túba	Hafsteinn Helgi Davíðsson*
Píanó	Þórhildur Hólmgeirsdóttir
Gítar	Jón Glúmur Hólmgeirsson
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson, kennari
Slagverk	Jón Grétar Benjamínsson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Klukkuspil	Ísól Lilja Róbertsdóttir (fram að áramótum, færði sig svo yfir á altsax)

*\* Nemendur sem voru líka í Fjölbautarskóla Snæfellinga (FSn) og tóku þátt í valverkefni sem fólst í að spila með Stórsveit Snæfellsness. Stórsveit Snæfellsness er stórsveit (bigband) undir stjórn Baldurs Orra Rafnssonar. Í stórsveitinni eru nemendur frá öllu Snæfellsnesi.*

Í janúar 2014 var Víkingasveitinni aftur slegið saman við Stóru Lúðró. Elín Sóley Reynisdóttir og Hrefna Rós Lárusdóttir voru þá hættar í tónlistarskólanum, enda búnar að útskrifast frá FSn og á leiðinni suður í skóla. Þegar þær tvær hættu kom stórt skarð í hljómsveitina þar sem enginn gat fyllt í þeirra göt á horn og básúnu. Eins var farið að vanta upp á stundvísi og tillitssemi félaganna, því var ákveðið að draga úr starfsemi sveitarinnar á vorönn. Víkingasveitin kom samt fram á afmælistónleikum lúðrasveitarinnar í apríl og spilaði með þrýði.

Nokkrir fullorðnir bættust við í Stóru Lúðró eftir áramót:

Anna S. Melsteð – túba

Gyða Steinsdóttir – þverflauta

### **Fyrir afmælistónleika 24. apríl leit Stóra Lúðró svona út:**

Altflauta	Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir
Þverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Eydís Bára Ómarsdóttir (veikindaleyfi eftir áramót) Gyða Steinsdóttir Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Margrét Lilja Einarsdóttir Sigrún Birta Sturludóttir Thelma Ólafsdóttir
Bassaklarinett	Anette Markvoll, kennari
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir (byrjaði eftir áramót) Sigurður Guðmundsson
Tenorsax	Anna Soffía Lárusdóttir
Kornett	Dagný Inga Magnúsdóttir Rebekka Rán Karlsdóttir
Trompet	Halldóra Kristín Lárusdóttir Haukur Páll Kristinsson Valdimar Hannes Lárusson
Horn	Elín Sóley Reynisdóttir (í skóla í Reykjavík en spilaði með á tónleikum) Sara Rós H. Róbertsdóttir
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir (í skóla í Reykjavík en spilaði með á tónleikum) Rúna Birna Jóhannesdóttir Salvör Mist Sigurðardóttir
Barítónhorn	Ingimar Þrastarson
Túba	Anna S. Melsteð
Hljómborð	Vaka Þorsteinsdóttir
Píanó	Þórhildur Hólmgeirsdóttir
Gítar	Ísak Örn Baldursson
Rafbassi	Hafsteinn Helgi Davíðsson
Slagverk	Einar Bergmann Daðason (byrjaði eftir áramót)

Haraldur Björgvin Helgason  
Jóel Bjarki Sigurðarson  
Oliver Darri Þrastarson  
Hafþór S. Guðmundsson, kennari

Klukkuspil      Birta Sigþórsdóttir

### **Trommusveit**

Eldri trommunemendur æfðu talsvert á haustönn, enda tók trommusveitin þátt í verkefninu «Ísland Got Talent» hjá Stöð 2. Stöð sveitin sig vel og komst í gegnum fyrsta niðurskurð og spilaði í undankeppni í Austurbæ sem sýnd var í sjónvarpinu í byrjun mars 2014. Stjórnandi trommusveitarinnar var Hafþór S. Guðmundsson

Haraldur B. Helgason	sneriltromma
Hinrik Þór Þórisson	sneriltromma
Eyþór Óskarsson	tritoms
Jón Grétar Benjamínsson	cymbalar
Jón Glúmur Hólmgæirsson	bassatromma
Benedikt Berg Ketilbjarnarson	bongótrommur (frá Grundarfirði)

### **Ný hljóðfæri**

Yamaha tenorsaxofónn var keyptur nýr frá Hljóðfærahusinu í ágúst 2013 á kr. 194.000.

### **Foreldrafélag**

Aðalheiður St. Sigurðardóttir, Helga Björg Marteinsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Þróstur Gunnlaugsson voru kosin í stjórn haustið 2012. Þau héltu öll áfram veturinn 2013-14, en María Valdimarsdóttir bættist í hópinn þegar kom að því að undirbúa landsmót og afmæli.

## Starfsárið 2013-14

- 5. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró  
**10. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitinni  
**2. október** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

### 2. nóvember – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Í þetta sinn æfðum við bara á laugardegi en ekki á föstudegi líka. Anette Markvoll, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson og Martin voru kennarar. Í lokin voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem voru æfð: *Minning um mann*, *Hang on Sloopy*, *Variations on a Theme by Mozart*, *Sana Sananina* og *Karíus & Baktus*.

Litla Lúðró og Víkingasveitin voru ekki með æfingabúðir þetta haust.

### 17. nóvember – Minningatónleikar um Hafstein Sigurðsson

Tréblásturskvartett úr Víkingasveitinni spilaði *Pachelbels Canon*. Málmblásarar úr Víkingasveitinni spiluðu lag eftir Hadda, *Noen sover inne* í útsetningu Martins.

### 21. nóvember – Hausttónleikar lúðrasveitarinnar 2013

Tónleikarnir voru haldnir í Stykkishólmskirkju kl. 18:00. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

#### Litla Lúðró

*Kóngurinn kemur*, *Haustlag*, *Nem Kuela* og *Tröllumars*

#### Stóra Lúðró

*Sana Sananina* (fyrrri partur), *Karíus & Baktus*, *Variations on a Theme by Mozart*, *Hang on Sloopy*, *Minning um mann*, *Sana Sananina* (seinni partur)

#### Víkingasveitin

*Chisa*, *Seven Blue Sisters*, *Choral from Jupiter*, *Top Gun Anthem* og *Chisa* (sem aukalag)

### 22. – 24. nóvember – Afmælisferðalag til Reykjavíkur

Stóra Lúðró og Víkingasveitin fóru í ferðalag daginn eftir hausttónleikana.

**FÖSTUDAGUR:** Farið var með rútu (Hörður Sigurðsson keyrði) til Reykjavíkur síðdegis. Stoppað í Mosfellsbæ og borðað á KFC. Gistum í Tónlistarskóla Seltjarnarness. Fyrir háttinn fórum við í stuttan göngutúr um Nesið.

**LAUGARDAGUR:** Eftir morgunmat og sund var æft í tónlistarskólanum. Eftir hádegi spiluðum við tónleika með Skólahljómsveit Tónlistarskóla Seltjarnarness á Eiðistorgi. Hvor sveit spilaði nokkur lög svo spiluðum við saman eitt lag (*Hang on Sloopy*). Eftir tónleika fórum við í keilu í Keiluhöllinni, svo í bíó og pizzuveislu í Smáralind.

**SUNNUDAGUR:** Göngutúr eftir morgunverð. Eftir léttan hádegisverð var pakkað saman og farið á skauta í Skautahöllinni. Þar fengum við okkur nesti áður en keyrt var af stað heim.

## **12. desember – Litla Lúðró í leikskólanum**

Við spiluðum tvö lög saman; *Jólaklukkan* og *Nem Kuela*. Auk þess spilaði hver hljóðfærahópur fyrir sig nokkur lög og nokkrir píanónemendur frá Laci komu einnig fram.

## **18. desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju**

Kl. 18:00 voru jólatónleikar tónlistarskólans haldnir í kirkjunni. Litla Lúðró spilaði *Jólaklukkan*, Stóra Lúðró/Víkingasveitin spilaði *Jólasveinar ganga um gólf* og *Snjó Korn falla*. Víkingasveitin spilaði svo tvö lög þar sem Símon B. Hjaltalín var einsöngvari: *Óskín um gleðileg jól* og *Ég sá mömmu kyssa jólasvein*.

Lúðrasveitin spilaði ekki við tendrun jólatrésins þetta ár. Beiðni um að spila kom með of stuttum fyrirvara auk þess sem við óskum þess helst að hafa þennan viðburð fyrsta sunnudag í aðventu.

## **8. janúar – Fyrsta æfing hjá Litlu Lúðró eftir áramót**

## **9. janúar – Fyrsta æfing hjá Stóru Lúðró eftir áramót**

Á þessari æfingu var búið að slá saman Stóru Lúðró og Víkingasveitinni.

## **8. mars – Nótan í Borgarnesi**

Laugardaginn 8. mars voru svæðistónleikar *Nótunnar 2014* haldnir í sal menntaskólans í Borgarnesi. Í tilefni 70 ára afmælisins var ákveðið að senda Stóru Lúðró á Nótuna til að spila *Krummi svaf í klettagjá*. Lúðrasveitin komst því miður ekki áfram á lokatónleikana í Hörpu, en fékk sérstök verðlaun fyrir frammúrskarandi samspilsatriði í opnum flokki.

Auk Lúðrasveitarinnar sendi skólinn þrjú önnur atriði:

- Skólakór tónlistarskólans
- Tréblásturstríó (Anna Soffía, Guðrún Bergmann og Sigurður)
- Salvör Mist (básúna) og Birta (píanó).

## **16. mars – 100 ára afmæli Árna Helgasonar**

Árni Helgason, einn stofnfélagi Lúðrasveitar Stykkishólms, hefði orðið 100 ára 14. mars 2014. Af því tilefni bauð fjölskylda hans bæjarbúum í kaffiveislu á Hótel Stykkishólmi sunnudaginn 16. mars. Lúðrasveitin fékk afmælisgjöf frá fjölskyldu Árna upp á kr. 100.000 og frá útgerðar-fyrirtækinu Sæfelli kr. 70.000.

Félagar úr lúðrasveitinni komu fram með tvö tónlistaratriði:

- Tréblásturstríó (Anna Soffía, Guðrún Bergmann og Sigurður)
- Salvör Mist (básúna) og Birta (píanó).

## **22. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró**

Æft var á laugardegi. Anette Markvoll, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson og Martin voru kennarar. Að lokum voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem voru æfð: *Kóngurinn kemur*, *Stykkishólmur*, *Rock*, *Spánn*, *Stígvélalagið* og *Nem Kuela*.

## 28. - 29. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir afmælistónleika. Í þetta sinn æfðum við bæði á föstudegi og laugardegi. Anette Markvoll, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson og Martin voru kennarar. Að lokum voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem æfð voru: *Óxar við ána*, *Blessuð sértu sveitin mín*, *Hey Jude*, *Pachelbel's Canon*, *Madiba Jive*, *Afmælissöngurinn* og *Happy*. (*Krummi svaf í klettagjá* var ekki æft mikið þessa helgi, en var á efniskránni á afmælistónleikunum.)

## 4. - 6. apríl – Landsmót SÍSL í Stykkishólmi

Helgina 4. - 6. apríl héldu Samtök íslenskra skólalúðrasveita landsmót B-sveita í Stykkishólmi. B-sveitir eru nemendur sem eru búnir að læra a.m.k. þrjú ár á hljóðfærin sín og eru í ca. 6. - 8. bekk. 242 mótsgestir komu til Stykkishólms, þar af 196 krakkar.

Allir krakkarnir gistu í grunnskólanum. Nokkrir kennarar og farastjórar leigðu sér herbergi hjá Höfðagötu Gistingu. Æft var í fjórum húsum:

- Rauð sveit (yngst) æfði í safnaðarheimili Stykkishólmskirkju.
- Græn sveit æfði í 1/3 úr íþróttahúsinu (nær grunnskólanum)
- Blá sveit (elst) æfði í sal tónlistarskólans.
- Trommusveitin æfði í mötuneyti Skipavíkur.

Í íþróttahúsinu var líka mötuneyti þar sem allar máltíðir voru borðaðar. Miðrymið var svo notað undir ball á laugardeginum.

Á föstudeginum var móttaka í grunnskólanum frá kl. 16. Myndataka. Kvöldmat. Æfing. A mótssætningu spilaði LS tvö lög (*Madiba Jive* og *Happy*) og Skólahljómsveit Kópavogs spilaði líka nokkur lög. Eftir mótssætningu var fundur í GSS fyrir stjórnendur og fararstjóra.

Á laugardag var æft, farið í sund og siglingu með Særúnu. Eftir kvöldmat var svo diskótek í íþróttahúsinu þar sem Símon B. Hjaltalín var DJ.

Á sunnudag var æft fram að hádegi og svo tónleikar kl. 13:30.

Stjórn SÍSL bar ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd landsmótsins og sá um faglega þáttinn, en stjórn foreldrafélagsins, ásamt Martin skipulagði gistingu, máltíðir, skemmtun og fleira sem varðaði sjálfa framkvæmdina.

Foreldrafélagið fékk tekjur af sölu máltíða og líka fyrir gæslu. SÍSL borgaði kr. 6.000 í matargjald fyrir hvern þátttakanda og kr. 1.000 á mann fyrir gæslu og aðra aðstoð vegna mótsins. Tekjur okkar voru þess vegna kr. 2.009.000, kostnaður kr. 807.105 og hagnaður því kr. 1.201.895. Auk þessara tekna fékk foreldrafélagið líka tekjur af blaðaútgáfu. Allar tölur má sjá sundurliðaðar í fjármálayfirliti aftast í þessari skýrslu.

Í stjórn foreldrafélagsins voru Aðalheiður Sigurðardóttir, Helga B. Marteinsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, María Valdimarsdóttir og Þröstur Gunnlaugsson.



### **Landsmótsblað og afmælisrit.**

Á landsmóti er hefð fyrir því að gestgjafar gefi út sérstakt landsmótsblað með dagskrá mótsins, afþreyingu, viðtölum og kynningu á þátttökusveitum. Í blaðið eru seldar auglýsingar til að bera uppi kostnaðinn af útgáfunni. Einnig var ákveðið að gefa út veglegt afmælisrit í tilefni af 70 ára afmæli lúðrasveitarinnar. Var því skipuð ritnefnd til að halda utan um útgáfu beggja blaðanna.

Í ritnefndinni voru:

Hafrún B. Guðmundsdóttir

Ægir B. Jóhannsson

Anna S. Melsteð

Sigþór U. Hallfreðsson

Martin Markvoll

Jóhanna Guðmundsdóttir

Bæði landsmótsblaðið og afmælisritið voru 24 blaðsíður. Landsmótsblaðið var í stærðinni A4 en afmælisritið 21x21 cm. Í afmælisritinu var efnisskrá afmælistónleikanna, félagatal, saga sveitarinnar (texti, myndir og „tímalína“), viðtöl við gamla og unga féлага, ávörp frá skólastjóra, formanni SÍSL, foreldrafélaginu og bæjarstjóra.

Ákveðið var að selja auglýsingar bæði blöðin í einu. Fengu þá fyrirtæki afslátt ef keyptar voru auglýsingar í báðum blöðum, eða fengu styrktarlínu í annað blaðið ef keypt var hálf- eða heilsíðu auglýsing í hitt. Einnig voru seldar styrktarlínur í bæði blöðin.

Anna Melsteð hjá Anok var ráðin til að setja upp bæði blöðin og búa þau til prentunar. Hún sá líka um að fá tilboð í prentu hjá prentsmiðjum. Samið var við Ísafoldarprentsmiðju ehf.

Áætlaður kostnaður beggja blaðanna var samtals kr. 592.611 og auglýsingasala átti að borga kostnaðinn. Okkur tókst að safna kr. 766.800. Kostnaðurinn fór umfram áætlun um kr. 39.005 en tónlistarskólinn sá um að borga þann mismun.

Landsmótsblaðið var gefið, en afmælisblaðið selt á kr. 1.000 stykkið.

Gróðinn af blaðaútgáfunni er því kr. 304.551

## 24. apríl – 70 ára afmælistónleikar

Tónleikarnir voru haldnir í Stykkishólmskirkju sumardaginn fyrsta kl. 17:00. Litla Lúðró, Stóra Lúðró, Víkingasveitin og trommusveitin spiluðu.

Nokkrir eldri félagar spiluðu með í tveimur lögum; *Blessuð sértu sveitin mín* og *Öxar við ána*.

Öllum fyrrverandi stjórnendum var boðið að koma, en aðeins gátu tveir þeirra þegið boðið: Daði Þór Einarsson, sem tók að sér að vera kynnir á tónleikunum og stjórna einu lagi. Birkir Freyr Matthíasson sem lék einleik á flügelhorn með Víkingasveitinni (í lagi 16:44).

Eftir tónleikana hélt lúðrasveitin matarveislu í safnaðarheimilinu. Foreldrafélagið eldaði kjúklingasúpu og bauð upp á ís og súkkulaðitertu í eftirrétt. Veislustjóri var Ísak Örn Baldursson og hátíðarræðu héldu Einar Bergmann Daðason og Jón Grétar Benjamínsson. Haukur Páll Kristinsson sá um *afmælisbombuna!*

### LITLA LÚÐRÓ

Kóngurinn kemur

Hans Andreas Kjølberg

Útsetning: Martin Markvoll

Stykkishólmur

Þjóðlag, texti Hafsteinn Sigurðsson

Útsetning: Martin Markvoll

Rock

Elisabeth Vannebo

Útsetning: Martin Markvoll

Spánn

Þjóðlag

Útsetning: Martin Markvoll

Stígvélalagið

Elisabeth Vannebo

Útsetning: Martin Markvoll

Nem Kuela

Povl Kjøller

Útsetning: Martin Markvoll

### VÍKINGASVEITIN

Chorale from Jupiter

Gustav Holst

Útsetning: Paul Murtha

Top Gun Anthem

Harold Faltermeyer

Útsetning: Martin Markvoll

Einleikari á rafmagnsgítar: Jón Glúmur Hólmgeirsson

16:44

Martin Markvoll

Einleikari á flügelhorn: Birkir Freyr Matthíasson

## TROMMUSVEITIN

Í takt við tímann

Will Rapp (úr Kickbutt Cadences)

## HLÉ

## STÓRA LÚÐRÓ

Öxar við ána

Helgi Helgason

Útsetning: Malcolm Holloway

Blessuð sértu sveitin mín

Bjarni Þorsteinsson,

Útsetning: Sálmásöngbók 1991/Martin M

Pachelbels Canon

Johann Pachelbel

Útsetning: Paul Lavender

Hey Jude

Lennon & McCartney

Útsetning: Michael Sweeney

Madiba Jive

Vuysile Mini

Útsetning: Field Band Foundation / Martin Markvoll

Afmælissöngurinn

Hill & Hill

Útsetning: Martin Markvoll

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag

Útsetning: Martin Markvoll

Happy (aukalag)

Pharrell Williams

Útsetning: Martin Markvoll

### **Eldri félagar sem spiluðu með sveitinni í *Öxar við ána* og *Blessuð sértu sveitin mín***

Flautur: Bjarndís Emilsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Gyða Steinsdóttir

Klarinett: Hannes Gunnarsson og Siguður Bjarnason

Tenorsaxofónn: Bjarni Lárentsínusson

Trompet og kornett: Halla Dís Hallfreðsdóttir, Kristbjörg Herrmannsdóttir,

Magnús Bæringsson og Þórný Baldursdóttir

Básúna: Jósep Ó. Blöndal

Barítónhorn: Lárus Hannesson

Trommur: Björgvin Þorvarðarson

### **9. maí – Aðalfundur SÍSL í Reykjavík**

Martin mætti og var endurkosinn varamaður í stjórn. Á fundinum var rætt um landsmótin sem voru nýafstaðin, í Stykkishólmi 4.-6. apríl fyrir B-sveitir og í Grindavík 2.-4. maí fyrir A-sveitir (við sendum engann á það mót). Allir voru mjög ánægðir með mótin og fengu Hólmarar hrós fyrir vel heppnaða framkvæmd á sínu móti.

### **30. maí – Þvottadagur**

Allir málmblásarar og trommuleikarar voru boðaðir, en 16 af 25 krökkum mættu. Hljóðfærin voru böðuð og þússuð. Á meðan þau voru í baði voru krakkarnir í bíó í tónfræðistofunni.

### **31. maí – Sjómannadagur**

Á sjómannadag, sem haldinn var á laugardegi, var farið í skróðgöngu niður að höfn kl. 13:00. Áður en lagt var af stað spilaði sveitin nokkur lög fyrir utan dvalarheimilið. Við höfnina spilaði sveitin fyrir framan Sjávarpakkhúsið.

### **17. júní – Þjóðhátíðardagur**

Því miður tókst okkur ekki jafn vel með plönin á þjóðhátíðardaginn á þessu ári.

Í Stóru Lúðró eru 32 hljóðfæraleikarar, en 11 af þeim voru búnir að tilkynna fjarvist eða biðja um leyfi fyrir 17. júní. Þá vantaði 1/3 af sveitinni og það var allt of mikið til að hægt væri að spila. Aðeins trommusveitin tók þátt í skróðgöngu frá tónlistarskólanum, niður Skólastíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Nokkrir krakkar úr tónó komu fram í Hólmgarði.

Hallfreður Helgason og Ingimar Þrastarson (trompet og bassi) – *Stykkishólmur* og *Stígvélalagið*.  
Sara Rós og Ísól Lilja Róbertsdætur (franskt horn og píanó) - *The Water is Wide*  
Haukur Páll Kristínsson (trompet) - *Jean Pierre*

### **Auk þess hefur...**

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.
- FSn-sveitin æft á miðvikudögum og fimmtudögum í Tónlistarskóla Grundarfjarðar.

Martin Markvoll  
Stykkishólmi 15. desember 2014

*Afmælisrit og  
Landsmótsblað  
SÍSL*

	Gjöld	Tekjur
Anok margmiðlun vegna SÍSL	107.528	
Reikningseyðublöð	1.490	
Prentsmiðjan Ísafold v/SÍSL	174.695	
<b>Samtals kostnaður SÍSL blað</b>	<b>283.713</b>	
Anok margmiðlun v/afmælisrit	230.418	
Ísafoldarprentsmiðja	121.160	
<b>Samtals kostnaður afmælisrits</b>	<b>351.578</b>	
<b>Samtals útgáfukostnaður</b>	<b>635.291</b>	
Auglýsingasala samtals		776.800
Sala á afmælisriti samtals		124.037
Endurgreiðsla frá Tónlistarskólanum		39.005
<b>Tekjur samtals</b>		<b>939.842</b>
<b>Hagnaður v/blaðaútgáfu</b>	<b>304.551</b>	
<b>Útistandandi kröfur 24. 10. 2014 (búið að bóka sem tekjur)</b>		
Hljóðfærahúsið-Tónabúðin	55.000	
Íslenska Gámafélagið	8.000	
Hótel Stykkishólmur	5.000	
Stykk pizzagerð	18.000	
Útistandandi kröfur vegna augl.tekna	<b>86.000</b>	

## Landsmót SÍSL í Stykkishólmi 4.-6. apríl 2014

	Gjöld	Tekjur
30/1. 2014 Greitt staðfestingagjald til SÍSL: 18 nem. + 3 kennarar (5.000)	105.000	
Þáttökugjald frá foreldrum: 10.000 x 18 nemendur		180.000
3/2.2014 Þáttökugjöld frá Tónó: 15.000 x 3 kennarar		45.000
3/3 2014 Lokauppgör til SÍSL v/þáttökugj. 21 x 10.000	210.000	
Bónus	598	
Bónus	3.900	
Bónus	6.017	
J.G.R. heildv.	89.000	
Kræsingar v/matar	143.000	
Stykkishólmsbær v/matar	43.230	
Hnífapör	5.760	
Ýmis annar kostnaður	10.600	
Greidd laun v/matseld	100.000	
Innborgað frá SÍSL 22. 04. 2014. v/matur 6.000 x 242 þáttakendur		1.542.000
Innborgað frá SÍSL 22. 04. 2014: v/ gæslu 1.000 x 242 þáttakendur		242.000
27/10 2014 Endurgreitt til SÍSL v/ ofgreiðslu matar	90.000	
<b>Samtala</b>	<b>807.105</b>	<b>2.009.000</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>1.201.895</b>	

**Stað á reikningum foreldrafélags Lúðrasveitar Stykkishólms þann 27. 10. 2014**

Reikningur: 0309-22-000325	1.894.000
Reikningur: 0309-26-000328	70.041

Hagnaður af kaffisölu á degi Tónlistaskólanna er um það bil 60.000 kr.

Hagnaður af flatkökusölu var um 130.000

Friðarkertasala

26/3. 2014 Greitt Martex ehf. v/ 8 lúðrasveitarvesta	124.094
--	---------

Afmælisveisla		34.227
Innborgað frá Tónó 12 gestir	12.000	
Mismunur	22.227	

## Kostnaður vegna Reykjavíkurfærðar Lúðrasveitar Stykkishólms 22. -24. nóv. 2013

Rúta	170.000
Skautahöllin	31.500
Smárabíó	36.000
Pizza Hut	53.040
Bónus v/ matarkaupa	29.125
Hagkaup v/ matarkaupa	8.452
KFC v/ veitinga	44.603
Keiluhöllin	22.500
Lúðrasveit Seltjarnaness v/ flutninga á hljóðfærum	10.000
<b>Samtals kostnaður v/ afmælisferðar</b>	<b>405.220</b>